

Félag Vélstjóra og Málmþæknimanna
annars vegar
og
Faxaflóhafnir sf.
hins vegar
gera með sér svofelldan
samning
um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Inngangur

Aðilar eru sammála um að vinna áfram að sameiginlegum markmiðum aðila vinnumarkaðarins um að auka kaupmátt og tryggja efnahagslegan stöðugleika. Stefnt skal að því að kjarasamningar Faxaflóahafna sf. og viðsemjanda taki mið af almennri launaþróun á vinnumarkaði og að samningslengd verði í samræmi við samninga á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera.

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að bæta vinnulag við gerð kjarasamninga m.a. með bættri upplýsingagjöf og áherslu á að kjarasamningur taki við af kjarasamningi og að samningar séu ekki lausir til langa tíma.

1. Framlenging gildandi kjarasamnings

Samningsaðilar eru sammála um að kjarasamningur aðila framlengist til 30. apríl 2015 með eftifarandi breytingum:

a. Almenn launahækku

Hinn 1. febrúar 2014 skulu laun og launataxtar skv. grein 1.1.1. í kjarasamningi aðila hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf.

b. Launataxtar í kjarasamningi hækka sérstaklega sbr. fylgiskjal I með kjarasamningi

c. Lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Frá og með 1. febrúar 2014 skulu lágmarkstekjur fyrir fullt starf samkvæmt kjarasamningi vera kr. 214.000 fyrir starfsmenn sem eru 18 ára og eldri og hafa starfað í fjóra mánuði samfellt hjá Faxaflóahöfnum sf.

d. Við samþykkt kjarasamningsins greiðist sérstök eingreiðsla kr. 14.600, m.v. fullt starf hverjum starfsmanni sem var við störf í febrúar 2014 og er enn í starfi 1. apríl 2014. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í febrúarmánuði 2014.

e. Þann 1. febrúar 2015 greiðist sérstök eingreiðsla kr. 20.000, m.v. fullt starf hverjum starfsmanni sem var við störf í desember 2014. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í desember mánuði 2014.

Fyrrgreindar greiðslur ná til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi utan þeirra sem eru í launalausu leyfi.

f. Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót skv. gr. 1.7.3 verður á árinu 2014 kr. 79.500

Orlofsuppbót skv. gr. 4.2.2. verður á árinu 2014 kr. 39.500

g. Grein 2.6.8 breytist og verður sem hér segir:

Starfsmaður sem vinnur á reglubundnum vöktum alla daga ársins, getur í stað greiðslna skv. gr. 2.6.9 fengið frí á óskertum föstum launum í 88 vinnuskyldustundir á ári miðað við fullt starf í heilt ár, eða hlutfallslega ef þjónusta fer ekki fram alla sérstaka frídaga og stórhátíðardaga. Vinnu sem fellur á sérstaka frídaga og stórhátíðardaga sbr. framanritað, skal auk þess launa með á lagi skv. gr. 1.6.1, sé þessi kostur valinn. Ávinnsla leyfisins miðast við almanaksárið. Starfsmaður sem óskar eftir að breyta vali sínu á milli leyfis og greiðslu, skal tilkynna það skriflega til viðkomandi stofnunar fyrir 1. desember næst á undan.

Ávinnslutímabilið er almanaksárið, þ.e. 1. janúar til og með 31. desember. Leyfi þessi ber að taka utan sumarolfstímabilsins, sem er 15. maí til og með 30. september. Ekki er heimild til að flytja leyfi þessi milli ára.

h. Grein 2.6.3 breytist og verður sem hér segir:

Sé vaktsskrá breytt sbr. gr. 2.6.2 með skemmri fyrirvara en 24 klst. skal viðkomandi starfsmanni greitt aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24 klst. til 168 klst. (1 vika) skal greiða 2 klst. í yfirvinnu (Hér er átt við skylduvaktir).

Taki starfsmaður vakt umfram vinnuskyldu, með minna en 24 klst. fyrirvara á tímabilinu kl. 17:00-24:00 á föstudögum, kl. 24:00-08:00 mánudaga til föstudaga, kl. 00:00-24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga, sbr. gr. 2.1.4.2 miðað við 8 klst. vakt, skal greiða 2 klst. í yfirvinnu og hlutfallslega fyrir lengri eða styttri vaktir.

i. Starfsmenn Faxaflóahafna sf., sem sinna hafnarþjónustu og eru lögskráðir á lóðsbáta fyrirtækisins, fái álag vegna starfa um borð í lóðs- og dráttarbátum, sem nemur tveimur launaflokkum frá og með 1. júlí 2014 vegna siglinga og verkefna í höfnum og á hafnarsvæðum við Faxaflóa sunnan Borgarness með línu sem þaðan er dregin í Garðskaga.

Samkomulag er um að starfsmenn sem eru með tvöföld réttiindi skipstjóra og vélstjóra sem nýtast í starfi hækki um einn launaflokk frá og með 1. júní 2014, en 5 fastir yfirvinnutímar sömu aðila falli niður frá og með sama tíma.

j. Launatafla

Á grundvelli bókunar eldri kjarasamnings aðila er samkomulag um að taka upp nýja launatöflu frá og með 1. febrúar 2014 sem merkt er Fylgiskjal I, en ný röðun launaflokkanúmera er merkt Fylgiskjal II.



2. Framlög til starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóðs

Hækkun framlags til starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóðs um 0,1% kemur til framkvæmda þann 1. febrúar 2014.

Aðfarasamningur

Við gildistöku samnings þessa hefjast viðræður um endurnýjun kjarasamnings sem taki gildi við lok samnings þessa. Unnið verður eftir eftirfarandi viðræðuáætlun sem telst hluti samningsins.

Viðræðuáætlun

Markmið

Aðilar munu hefja viðræður í kjölfar gildistöku samnings þessa vegna þess kjarasamnings sem framlengdur er og gildir til 30. apríl 2015 með það fyrir augum að ljúka gerð nýs kjarasamnings fyrir þann tíma. Markmiðið verði vaxandi kaupmáttur, efnahagslegur stöðugleiki og lág verðbólga, bætt samkeppnisstaða atvinnulífsins og stöðugt gengi krónunnar. Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að skapa raunhæfar væntingar í samfélagini til mögulegs ávinnings af kjarasamningum.

Samningsumboð

Fyrir lok maí 2014 leggi samningsaðilar skriflega fram skipun samninganefnda og umboð þeirra til samningaviðræðna.

Starfsmat og launatafla

Aðilar eru sammála að fylgjast með þeim breytingum sem verið er að gera á starfsmatskerfi Reykjavíkurborgar og hvort breytingar þar og breytingar á launatöflu gætu haft áhrif á mat starfa eða launatöflu hjá Faxaflóahöfnum s.f.

Sérnál önnur en launaliðir

Viðræður um breytingar á þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga sem ekki varða launalið verði skipulagðar fyrir lok október 2014.

Endurskoðun viðræðuáætlunar

Fyrir lok febrúar 2015 skulu aðilar sameiginlega meta stöðu viðræðna og þörf fyrir endurskoðun viðræðuáætlunar. Þar skal tekin afstaða til þess hvort óskað er milligöngu ríkissáttasemjara

Launaliðir

Viðræður um launaliði hefjist í byrjun febrúar 2015 á grundvelli krafna sem þá skulu vera komnar fram. Jafnframt verða aðrir þættir kjarasamninga ræddir að því marki sem lausn ágreiningsefna um þá kann að tengjast samningum um launaliði.

Fyrirkomulag samningaviðræðna

Fundir skulu að jafnaði haldnir í húsakynnum ríkissáttasemjara nema samkomulag verði um annað. Fundir verði skráðir sem og efni þeirra og framlögð gögn.

Fundaáætlun / tímasett markmið

Þegar kröfur liggja fyrir geri aðilar áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

Lok viðræðna

Hafi samningar ekki tekist fjórum vikum áður en kjarasamningar renna út skal tekin ákvörðun um það hvort og þá hvenær ríkissáttasemjari taki við stjórn viðræðna

Gildistími

Samningur þessi gildir til 30. apríl 2015 og rennur þá út án frekari fyrirvara.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp á lögformlegan hátt til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 15. maí 2014 skoðast samningurinn samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn stéttarfélagsins um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá Faxaflóahöfnum sf..

Reykjavík 8. maí 2014

F.h. Faxaflóhafna sf.


Með fyrirvara um samþykki stjórnar.



Ásthóður Ólafsson
André M. Ólafsson

F.h. Félags vélstjóra

og málmtæknimanna, með fyrirvara
um samþykki félagsmanna



Hallgrímur Ólafsson

BÓKUN

Vegna starfsmanna sem vinna við hafnarþjónustu hjá Faxaflóahöfnum sf. og samningar félaganna taka til, eru aðilar sammála um að gera með sér samkomulag á samningstímanum um starfsheimildir starfsmanna félaganna komi á einhverjum tíma til vinnustöðvunar, en starfsheimildir þessar miðist að því að tryggja öryggi áhafna og skipa.

Hálfðos Þórður Jónasson
Þórh. Jónasson
Andur M. Óg.



Fylgiskjal I.

	1	2	3	4	5	
300	191.332	197.072	202.984	209.074	215.346	300
301	194.202	200.028	206.029	212.210	218.576	301
302	197.115	203.028	209.119	215.393	221.855	302
303	200.072	206.074	212.256	218.624	225.183	303
304	203.073	209.165	215.440	221.903	228.560	304
305	206.119	212.302	218.672	225.232	231.989	305
306	209.211	215.487	221.952	228.610	235.468	306
307	212.349	218.719	225.281	232.039	239.000	307
308	215.534	222.000	228.660	235.520	242.586	308
309	218.767	225.330	232.090	239.053	246.224	309
310	222.049	228.710	235.571	242.638	249.918	310
311	225.379	232.141	239.105	246.278	253.666	311
312	228.760	235.623	242.692	249.972	257.471	312
313	232.191	239.157	246.332	253.722	261.333	313
314	235.674	242.745	250.027	257.528	265.253	314
315	239.209	246.386	253.777	261.391	269.232	315
316	242.798	250.081	257.584	265.311	273.271	316
317	246.440	253.833	261.448	269.291	277.370	317
318	250.136	257.640	265.369	273.330	281.530	318
319	253.888	261.505	269.350	277.430	285.753	319
320	257.696	265.427	273.390	281.592	290.040	320
321	261.562	269.409	277.491	285.816	294.390	321
322	265.485	273.450	281.653	290.103	298.806	322
323	269.468	277.552	285.878	294.455	303.288	323
324	273.510	281.715	290.166	298.871	307.838	324
325	277.612	285.941	294.519	303.354	312.455	325
326	281.776	290.230	298.937	307.905	317.142	326
327	286.003	294.583	303.421	312.523	321.899	327
328	290.293	299.002	307.972	317.211	326.728	328
329	294.648	303.487	312.592	321.969	331.628	329
330	299.067	308.039	317.280	326.799	336.603	330
331	303.553	312.660	322.040	331.701	341.652	331
332	308.107	317.350	326.870	336.676	346.777	332
333	312.728	322.110	331.773	341.727	351.978	333
334	317.419	326.942	336.750	346.852	357.258	334
335	322.180	331.846	341.801	352.055	362.617	335
336	327.013	336.823	346.928	357.336	368.056	336
337	331.918	341.876	352.132	362.696	373.577	337
338	336.897	347.004	357.414	368.137	379.181	338
339	341.951	352.209	362.775	373.659	384.868	339
340	347.080	357.492	368.217	379.263	390.641	340
341	352.286	362.855	373.740	384.952	396.501	341
342	357.570	368.297	379.346	390.727	402.448	342
343	362.934	373.822	385.036	396.588	408.485	343
344	368.378	379.429	390.812	402.536	414.612	344

345	373.903	385.121	396.674	408.574	420.832	345
346	379.512	390.897	402.624	414.703	427.144	346
347	385.205	396.761	408.664	420.924	433.551	347
348	390.983	402.712	414.794	427.237	440.055	348
349	396.848	408.753	421.016	433.646	446.655	349
350	402.800	414.884	427.331	440.151	453.355	350
351	408.842	421.108	433.741	446.753	460.156	351
352	414.975	427.424	440.247	453.454	467.058	352
353	421.200	433.835	446.851	460.256	474.064	353
354	427.517	440.343	453.553	467.160	481.175	354
355	433.930	446.948	460.357	474.167	488.392	355
356	440.439	453.652	467.262	481.280	495.718	356
357	447.046	460.457	474.271	488.499	503.154	357
358	453.751	467.364	481.385	495.827	510.701	358
359	460.558	474.374	488.606	503.264	518.362	359
360	467.466	481.490	495.935	510.813	526.137	360
361	474.478	488.712	503.374	518.475	534.029	361
362	481.595	496.043	510.924	526.252	542.040	362
363	488.819	503.484	518.588	534.146	550.170	363
364	496.152	511.036	526.367	542.158	558.423	364
365	503.594	518.702	534.263	550.291	566.799	365
366	511.148	526.482	542.277	558.545	575.301	366
367	518.815	534.379	550.411	566.923	583.931	367
368	526.597	542.395	558.667	575.427	592.690	368
369	534.496	550.531	567.047	584.058	601.580	369
370	542.514	558.789	575.553	592.819	610.604	370
371	550.651	567.171	584.186	601.711	619.763	371
372	558.911	575.678	592.949	610.737	629.059	372
373	567.295	584.313	601.843	619.898	638.495	373
374	575.804	593.078	610.871	629.197	648.073	374
375	584.441	601.974	620.034	638.635	657.794	375
376	593.208	611.004	629.334	648.214	667.661	376
377	602.106	620.169	638.774	657.937	677.675	377
378	611.137	629.472	648.356	667.806	687.841	378
379	620.305	638.914	658.081	677.824	698.158	379
380	629.609	648.497	667.952	687.991	708.631	380
381	639.053	658.225	677.972	698.311	719.260	381
382	648.639	668.098	688.141	708.785	730.049	382
383	658.369	678.120	698.463	719.417	741.000	383
384	668.244	688.291	708.940	730.208	752.115	384
385	678.268	698.616	719.574	741.162	763.396	385

Fyklgiskjal II.

	Var	Verður
Skipstj./vélstj./hafnarv.	155	329
Vélstjóri Vs-3 – að 1028 hö.	153	328
Vélstjóri – yfir 1028 hö.	155	329
Iðnaðarm.m. Sveinspróf	149	324
Iðnaðarmaður án dagl. Verkstj.	153	328
Iðnaðarmaður m. Flokkstjórn	155	329

